

Mættir: Kristján Geirsson, Ragnheiður Garðarsdóttir, Magnús Andrésdóttir, Helga Erla Albertsdóttir, Davíð Heimisson, Arnar Stefánsson og Magnús Ragnarsson.

Slökkvistöð Reykjanesbæjar 6.nóvember 2017 kl. 18:00. Fundargerð Helga Erla Albertsdóttir

Dagskrá:

- 1. Staða fjármála**
- 2. Bekkjarfulltrúar**
- 3. Jólaföndur Foreldrafélags Heiðarskóla**
- 4. Önnur mál**

Magnús Ragnarsson er nýr stjórnarmaður í Foreldrafélagi Heiðarskóla og var hann boðinn velkominn.

1. Staða fjármála

Staða fjármála rædd sem og innheimta gjalda sem gengur mjög vel líkt og síðustu ár. En árið 2016 var innheimtan um 86%. Staða reiknings þann 2/10/17 var um 391.000 krónur.

2. Bekkjarfulltrúar

Auglýsing var send í september á alla foreldra / forráðamenn vegna vöntunar á bekkjarfulltrúum. Staðan á bekkjarfulltrúum er nú þannig að enn vantar bekkjarfulltrúa fyrir 6, 8 og 9 bekk.

Formaður mun senda á bekkjarfulltrúa upplýsingar um fund allra bekkjarfulltrúa í Reykjanesbæ.

3. Jólaföndur Foreldrafélags Heiðarskóla

Jólaföndur Foreldrafélags Heiðarskóla verður haldið þann 30. nóvember 2017 kl 17-19. Innkaupalisti gerðar og verðskrá ákveðin. Ýmis atriði vegna skipulags og fleira rætt vegna jólaföndursins.

4. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fundi slitið 19:00